

KNATTSPYRNUDEILD SINDRA

2025

LEIKSKRÁ SINDRA

SUMARIÐ 2025



LAUGARDAGUR
16. ÁGÚST

SINDRI
VS. AUGNABLIK

16:00

JÖKULFELLSVÖLLURINN



VELKOMIN Á

JÖKULFELLSVÖLLINN





Knattspyrnudeildin hefur nú fært sig yfir á nýtt kerfi til að sýna leiki í beinni útsendingu og upptökum! Livey er öflugt kerfi sem býður upp á enn betri upplifun fyrir stuðningsmenn okkar. Hægt er að horfa á alla leiki í Lengjudeildinni sem og í erlendum deildum.

Það er voða einfalt að horfa með því að ýta á slóðina hér:

Slóð á leikinn live!

**Kemstu ekki á völlin en langar að horfa á leikinn?
Fylgstu þá með á LIVEY! Leikir Sindra eru sýndir LIVE hér, hvort sem það eru heimaleikir eða útileikir, karla eða kvenna leikir og það er einnig hægt að horfa á leiki yngri flokkanna!**

BYRJUNARLIÐ SINDRA

7

MATE

14

KRISTÓFER

23

MARÍUS

17

JÓHANN

10

IBRAHIM

3

EMIR

13

PATRIK

6

RAGNAR

9

IVAN P

5

KJARTAN

12

RÓBERT (M)

VARAMENN:

VIKTOR, KRISTJÁN, JÓHANNES, VIGNIR, PATREKUR, IVAN E OG TÓMAS





BRUNNHÓLL



Skinney - Þinganes hf

KRISTJÁN ÖRN OG FREYJA SÓL

Þrátt fyrir að við séum í 10. sæti með 16 stig, þá er baráttan svo sannarlega lifandi. Tímabilið hefur kennt okkur margt – um seiglu, samvinnu og að aldrei gefast upp. Æfingarnar hafa verið á toppnum, hópurnir eins og ein stór fjölskylda og allir tilbúnir að leggja sig 100% fram fyrir félagið.

Nú horfum við fram á síðustu leiki tímabilsins með trú á verkefnið og hungur í að sýna hvað við getum. Við ætlum að klára þetta með krafti – og með ykkur í stúkunni vitum við að allt er mögulegt!

Kristján Örn

Kvennaliðið okkar í 2. deild situr nú í 7. sæti í B-riðli með 15 stig. Tímabilið hefur verið sveiflukennt, þar sem sumir leikir hafa unnist með glæsibrag, á meðan aðrir hafa tapast naumlega eftir harða baráttu. En eitt er alltaf á hreinu – liðið gefst aldrei upp.

Það ríkir sterkur liðsandi og leikmenn styðja hver aðra. Æfingar eru kraftmiklar og metnaðurinn skín í gegn. Vörnin okkar stendur sig alltaf með glæsibrag og markvarslan bjargað stigum í mikilvægum leikjum. Sóknarleikurinn er beinskeyttur og skapað hefur verið mikið af færum. Liðið hefur sýnt að það getur mætt hvaða andstæðingi sem er af fullum krafti. Sum stig hafa komið í blálokin – sannkölluð baráttuþrek. Andinn í hópnum er sterkur og trúin á verkefnið ríkir áfram.

Það eru enn leikir eftir og liðið horfir einungis fram á við. Markmiðið er að klára tímabilið með reisn og sanna hvað býr í hópnum. Því baráttan heldur áfram – við gefumst ekki upp.

Freyja Sól









REYCUPI MÓTIÐ Í REYKJAVÍK

Síðustu helgina í júlí fór 4. flokkur á ReyCup í Reykjavík og hafði nóg að gera. Strákarnir kepptu með aðstoð frá fjórum 5. flokks leikmönnum, þeir spiluðu af miklum krafti og ástríðu og voru góðir fulltrúar Hafnar. Þeir mættu á mótið einbeittir og fullir af metnaði og sýndu nákvæmlega það í hverjum einasta leik, sem hjálpaði þeim að yfirstíga þær áskoranir sem þeir mættu. Í heildina er niðurstaða mótsins mjög jákvæð, ég sé þá vaxa bæði í leik og utan hans. Þeir styðja hvern einasta liðsfélaga og sýna öllum mótherjum virðingu, ég er afar stoltur af þeirra ferðalagi.

Sérstaklega vil ég nefna foreldra hópsins sem voru afar hjálpsamir og óþreytandi í öllum verkefnum utan vallar sem er góð fyrirmynd strákanna og gefur þeim nauðsynlegan stuðning.

Við áttum líka nokkrar stelpur sem kepptu í 4. flokki með Austurlandi, sumar þeirra úr 5. flokki og okkar baráttukonur sýndu ótrúlega seiglu og vilja til að spila, berjast fyrir hvor aðra og njóta leiksins með mikilli virðingu fyrir öllum sem sem tóku þátt. Það var einstök tilfinning að sjá þeirra framför í gegnum mótið þar sem þær skildu alltaf betur og betur hvað þurfti að gera og unnu að því.

Ég hef alltaf fundið að fótboltasálin sé sterk og lifandi í þessum leikmannahópi, einlægar tilfinningar og ást á leiknum voru klárlega hápunktur þessa móts.

Áfram Sindri!

Bruno Fonte, þjálfari





CRAFT 



VÍS



SÍÐUSTU LEIKIR MFL KARLA



VS



3-4

- 6' Kjartan Jóhann
- 28' Viktor Ingi
- 45' Ragnar Þór
- 71' Maríus Máni



VS



5-1

- 4' Patrik



VS



0-1



NÆSTU LEIKIR Á JÖKULFELLSVELLI

Á MORGUN!



Meistaraflokkur kvenna

Sindri - Dalvík/Reynir
17. ágúst kl 15:00



4. flokkur karla B

Sindri/Neisti - Njarðvík
23. ágúst kl 14:00



Meistaraflokkur kvenna

Sindri - Álftanes
24. ágúst kl 14:00



**Sjáumst þar,
Áfram Sindri!!**

Kærar þakkir fá sjálfboðaliðar knattspyrnudeildar Sindra,
við gætum þetta ekki án ykkar.



H
HÓTEL HÖFN



HAFÐU SAMBAND:

 Knattspyrnudeild UMF. Sindra

 @fotboltisindri

 @fotboltisindri

 knattspyrna@umfsindri.is

 umfsindri.is